


Fréttabréf

Vor 2006



Íslenska kirkjan í Svíþjóð

Meðal efnis:

Guðspjónustur og kirkjuskólar í

Gautaborg bls. 3, 4

Lundi bls. 5

Stokkhólmi/Uppsölum bls. 6

Helsinki bls. 9

Menningarvaka í V-Frölundakirkju bls. 7

Kórverkið Gloría e. Vivaldi flutt bls. 7

Fjölskyldumót bls. 7

Fermingarfræðsla bls. 8

Unglingasönghópur bls. 4

Da Vinci lykillinn - námskeið bls. 9

Fréttahornið bls. 11

Starfsreglur ÍKE

Sendiherraskipti

Bókmenntakvöld, veiting fálkaorðu

Helgistund í Dettifossi




Umsjón og ábyrgð

sr. Ágúst Einarsson, netfang: kirkjan@telia.com

Ágæti viðtakandi

Á nýju ári horfum við mót rísandi sól. Við eigum von á björtum köldum dögum. Síðan er líður að vori tekur birta, ylur og litadýrð völdin. Það er gott til þess að vita.

Fréttabréfið gefur sem fyrr upplýsingar um það sem er á döfinni í safnaðarstarfi Íslensku kirkjunnar. Stærsta nýjungin að þessu sinni er upphaf reglulegs kirkjuskólustarfs í Uppsölum í samvinnu við heimafólk. Þetta er mjög ánægjuleg viðbót við starfsemina þar sem barnastarf er eitt af aðalverkefnum í safnaðarstarfsins. Kirkjuskólinn er mikilvægur og skemmtilegur vettvangur til að hittast, veita uppfræðslu í trú og menningu og styrkja samfélag íslenskra barnafjölskyldna. Nú er boðið upp á skipulagt kirkjuskólustarf á þremur stöðum, í Gautaborg, Lundi og Uppsölum.



Fréttabréfið er stærra í sniðum að þessu sinni. Það er sent til allra Íslendinga og Íslandsvina í Svíþjóð til kynningar á starfi íslensku kirkjunnar. Hver veit nema leiðir liggi saman í einhverri mynd og viðbrög og hugmyndir eru vel þegnar.

“Samfélag í trú og gleði” er yfirskrift safnaðarstarfsins og nú með sérstakri áherslu á heimili og fjölskyldu. Í helgihaldinu mætast allir aldurs hópar í litríkum félagsskap. Það er von mín að lesendur finni eitthvað við sitt hæfi hér í blaðinu og efni þess kveiki hugmyndir að kirkju- og menningarstarfi víðar meðal Íslendinga í Svíþjóð.

Með bestu kveðjum, Ágúst Einarsson

Símatími sóknarprests á skrifstofu mán., þri., og fim. kl. 10-12 og viðtöl eftir samkomulagi. Skrifstofus. 031-704 58 91 og fars. 070-286 39 69

Guðsþjónustur í Gautaborg

Á vormisseri verða guðsþjónustur í Västra Frölundakirkju sem hér segir:

Sunnudag 5. febr. kl. 14.00

5. mars kl. 14.00

26. mars kl. 14.00

23. apríl kl. 14.00

4. júní kl. 14.00. Fermingarguðsþjónusta á hvítasunnudag

Íslenski kórinn í Gautaborg syngur undir stjórn Kristins Jóhannessonar. Organisti er Tuula Jóhannesson. Barnastund og kirkjuskóli er í tengslum við hverja messu. Smábarnahorni hefur verið komið fyrir í kirkjunni. Kirkjukaffi er eftir hverja messu. Söluborð íslenskra bóka er í safnaðarheimili í tengslum við kirkjukaffi. Verið velkomin!

Aðalfundur íslenska kirkjustarfsins verður sun. 5. febrúar kl. 15.00 í safnaðarheimili V. Frölundakirkju.


Kirkjupóstur er sendur út um það bil hálfsmánaðarlega á netföng ábuga-fólks um safnaðarstarfið, þeir sem vilja fá fréttir og orðsendingar þá leiðina sendi línu á kirkjan@telia.com

Heimasíða kirkjunnar er á www.kirkjan.org

Sóknarnefnd, formaður er Kristinn Jóhannesson, netfang hans er kristinn@svenska.gu.se og sími 031-773 45 33

Aðstoð við að komast til kirkju

Þeir sem sækja íslenskar guðsþjónustur í Frölundakirkju koma af öllu stór-Gautaborgarsvæðinu. Við viljum auðvelda ferð eldra fólks til kirkjunnar með því að bjóða upp á bílferðir til og frá kirkju. Þeir sem vilja þiggja þessa þjónustu (eða þekkja einhvern sem vill) eru hvattir til að hafa samband í síma 070-286 39 69 (Ágúst) eða senda línu á kirkjan@telia.com.






Kirkjuskólinn í Gautaborg

Kirkjuskólinn er lífleg samvera með söng, fræðslu og leik. Nýtt kennsluefni á vormisseri. Umsjón með kirkjuskólanum hafa Ágúst, Birna, Sigrún og Sigurður. Í safnaðarheimilinu er skemmtileg leikaðstaða. Hressing fyrir börnin, kaffi og spjall fyrir fullorðna. Verið velkomin!

Sunnudagar *(til að klippa út og festa á ísskápinn!)*

- | | | |
|-----------------|--------|--|
| 22. jan. | kl. 14 | Kirkjuskóli |
| 29. jan. | kl. 14 | Kirkjuskóli |
| 5. febr. | kl. 14 | Kirkjuskóli |
| 12 og 19. febr. | | Íþróttafri |
| 26. febr. | kl. 14 | Kirkjuskóli |
| 5. mars | kl. 14 | Kirkjuskóli |
| 12. mars | kl. 14 | Kirkjuskóli |
| 19. mars | kl. 14 | Kirkjuskóli |
| 26. mars | kl. 14 | Kirkjuskóli |
| 2. apríl | kl. 14 | Kirkjuskóli |
| 9 og 16 apríl | | Páskafri |
| 23. apríl | kl. 14 | Kirkjuskóli |
| 28-30. apríl | | Fjölskyldumótið (bls. 7) |
| 7. maí | | Útihátið í Slottskóginum (nánar auglýst síðar) |



Unglingasönghópur

Stúlknasönghópur unglunga 13-16 ára hefur hafið söngæfingar í Frölundakirkju undir stjórn Sigurðar Rögnvaldssonar. Þær syngja fjölbreytt lög og sungu á aðventuhátíðinni og jólaballinu í desember. Unglingar sem hafa áhuga á að bætast í hópinn hafi samband við Sigurð í síma 073-992 25 97. Barnakór verður stofnaður ef næg þátttaka fæst. Áhugasamir hafi samband við Sigurð.



Guðspjónusta í Lundi

Guðspjónusta verður í S:t Hans kirkju, Norra Fäladen, í Lundi laugardaginn 22. apríl kl. 14.00. Íslenski kórinn í Lundi syngur undir stjórn Huldu Birnu Guðmundsdóttur og orgelleik annast sr. Jón Dalbú Hróbjartsson. Örn Arason leikur einleik á gítar. Verið velkomin!

Kirkjuskólinn í Lundi

Annán hvern laugardag er kirkjuskóli í S:t. Hans kirkju í Norra Fäladen í Lundi. Kirkjuskólinn í Lundi stendur fyrir barnmörgum og líflegum samverum með söng, fræðslu, föndri og brúðum sem bregða á leik. Kaffi og spjall fyrir fullorðna. Umsjón með kirkjuskólanum hafa Brynhildur (s. 046-211 46 68) og Bryndís (s. 046-211 33 19). Prestur heimsækir kirkjuskólann um það bil annað hvert sinn.



Laugardagar *(til að klippa út og festa á ísskápinn!)*

21. jan.	kl. 11.00	Kirkjuskóli
4. febr.	kl. 11.00	Kirkjuskóli
18. febr..	kl. 11.00	Kirkjuskóli
4. mars	kl. 11.00	Kirkjuskóli
18. mars	kl. 11.00	Kirkjuskóli
1. apríl	kl. 11.00	Kirkjuskóli
22. apríl	kl. 11.00	Kirkjuskóli
28-30. apríl	Fjölskyldumót (bls. 7)	
Stefnt að vorhátíð í maí (nánar augl.)		



Verið velkomin!



Guðspjónustur í Stokkhólmi

Guðspjónustur verða í Finnsku kirkjunni í Gamla Stan, við hlið Hallarinnar:

Pálmasunnudag 9. apríl kl. 14.00

Þjóðhátíðardaginn 17. júní kl. 14.00

Íslenski sönghópurinn í Stokkhólmi syngur og leiðir messusöng.

Kirkjukaffi eftir messu og sérstök hátíðardagskrá í samvinnu við Íslendingafélagið á 17. júní.

Sönghópurinn æfir á miðvikudagskvöldum kl. 18.30 í Finnsku kirkjunni og eru söngelskir Íslendingar velkomnir. Hafið samband við Brynju, stjórnanda kórsins (s. 070-790 40 54) eða Soffíu, formann kórsins (s. 070-282 59 64).


Kirkjuskólinn í Uppsölum

Við hittumst annan hvern laugardag í Tunabergskirkjunni. Helgistundir, fræðsla, söngur, föndur og brúður sem bregða á leik. Kaffi og spjall fyrir fullorðna. Umsjón með kirkjuskólanum hafa Gunnhildur (s. 018-31 41 63) og Kristín (s. 018-40 06 68). Presturinn heimsækir kirkjuskólann reglulega.

Laugardagar *(til að klippa út og festa á ísskápinn!)*

11. febr.	kl. 10.00	Kirkjuskóli
25. febr.	kl. 10.00	Kirkjuskóli
11. mars	kl. 10.00	Kirkjuskóli
25. mars	kl. 10.00	Kirkjuskóli
8. apríl	kl. 10.00	Kirkjuskóli
22. apríl	kl. 10.00	Kirkjuskóli
28-30. apríl	Fjölskyldumótið (bls. 7)	

Verið velkomin!



Menningarvaka í V. Frölundakirkju

Miðvikudaginn 8. febrúar kl. 19.00



Inga Huld Hákonardóttir sagnfræðingur og rithöfundur kemur og fjallar um efnið “Öðruvísi Íslandssaga”. Inga Huld hefur um langt skeið rannsakað sögu kvenna á Íslandi og víða leitað fanga, jafnt í bókmenntum sem sögulegum heimildum. Inga Huld hefur m.a. skrifað bókina “Fjarri hlýju hjónasængur” sem tilnefnd var til íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki fræðibóka.



Einnig mun Auður Magnúsdóttir sagnfræðingur við Gautaborgarháskóla greina frá hugmyndum um “hina sterku norrænu konu”, en Auður skrifaði doktorsritgerð sem heitir “Frillor och fruar”.

Menningarvakann er í umsjá leshrings um bókmenntir og kirkjustarfsins. Verið velkomin!

Gloría eftir Vivaldi og vortónleikar í Gautaborg

Íslenski kórinn í Gautaborg flytur kórverkið Gloría eftir Vivaldi ásamt kirkjukórum í Styrsö og V. Frölunda. Verkið verður flutt tvisvar, **lau. 25. mars kl. 17.00 í Styrsökirkju** og **sun. 26. mars 18.00 í Frölundakirkju**.

Íslenski kórinn í Gautaborg heldur vortónleika sína **laugardaginn 20. maí kl. 17.00 í V. Frölundakirkju**.

Fjölskyldumótið

Helgina 28-30. apríl er helgarmót barnstarfsins ráðgert. Undanfarin ár höfum við hist í Bockabergi í nágrenni Gautaborgar og hafa um 70 til 80 manns mælt sér þar mót. Staðsetningin er í athugun. Á dagskrá er fjöl-



skyldusamvera úti og inni, kvöldvökur, kirkjuskóli og “litlu ólympíuleikarnir”. Allar fjölskyldur eru velkomnar og það er ekki skilyrði að hafa tekið þátt í kirkjuskólafinu. Takið helgina frá og látið vita um áhuga til þátttöku í síðasta lagi 15. mars hjá umsjónarfólki kirkjuskólanna. Nánar auglýst á póstlistum kirkjuskólanna.

Fermingarfræðslan

Í vetur taka 20 unglingar þátt í fermingarfræðslu íslenska kirkjustarfsins. Þeir búa dreift um Svíþjóð og skila verkefnum með tölvupósti. Unglingarnir sækja reglulega guðspjónustur í sinni heimabyggð. Allur hópurinn hittist á fermingarmóti að hausti og vori. Framundan eru fermingarfræðslutímar í Frölundakirkju:



Sun. 29. jan. kl. 15-17 Sun. 12. mars kl. 15-17

Sun. 26. febr. kl. 15-17 Sun. 19. mars kl. 15-17

Í Lundi lau. 4. febr. og lau. 4. mars kl. 13-15 og 22. apríl kl. 12-14.

Fermingarmótið verður að **Áh Stiftgård 5 til 7. maí**. Þar samtvinnast nám, leikur og skemmtileg samvera. Leiðtogar verða eins og í haust þau Sigurður, Sigrún og Ágúst. Sr. Helgi Hróbjartsson prestur Íslendinga í Noregi kemur einnig með hóp unglunga á mótið.

Leshringur um bókmenntir

Leshringur um íslenskar bókmenntir hittist reglulega í Gautaborg. Eftir lestur valinna bóka er innihaldið skoðað og rætt. Samskonar hópa mætti stofna til víðar meðal áhugafólks um íslenskar bókmenntir. Leshringurinn stendur öðru hvoru fyrir opnum fundum í V-Frölundakirkju og er það auglýst í Kirkjupósti (sjá bls.3 og 9).



Íslenskukennsla

Vert er að minna á að öll íslensk börn í Svíþjóð á grunnskólaaldri eiga kost á að fá íslenskukennslu amk. einu sinni í viku. Ráðning kennara og lágmarkspáttaka barna er nauðsynleg. Þeir sem eiga börn sem þetta á við eru hvattir til að hafa samband við Íslendingafélög og Íslendinga í nágrenni sínu til að gefa fleiri börnum færi á að njóta kennslunnar.

Da Vinci námskeið í V. Frölundakirkju

Miðvikudaginn 3. maí kl. 18.00

Sr. Þórhallur Heimisson kemur og heldur námskeið um hugmyndir metsölubókarinnar Da Vinci lykillinn. Þar koma fram hugmyndir um Jesú, hvernig Nýja testamentið varð til, hvort María Magdalena hafi verið eiginkona og barnsmóðir Jesú og hvort mannkynssagan eins og við þekkjum hana sé blekking. Einnig verður kafað niður í sögu krossferðanna, musterisriddaranna, Jóhannesarriddara, frímúrara og margvíslegra leynireglna kirkjunnar. Hinn heilagi kaleikur er mikið ræddur í Da Vinci lyklinum og á námskeiðinu er saga hans rakin og nýjar kenningar um hann krufnar. Hvert námskeiðið er byggt upp eins og leynilögreglu-rannsókn og ekkert gefið upp um niðurstöðuna fyrirfram. Ef næg þátttaka fæst er boðið upp á sama námskeið á sænsku þriðjudaginn 2. maí kl. 18.00.



Skráning á bæði námskeiðin á kirkjan@telia.com fyrir 15. mars.

Guðspjónusta í Helsinki, Finnlandi

Í samvinnu við Íslendingafélagið í Helsinki og Biskupsstofu á Íslandi verður guðspjónusta **sunnudaginn 14. maí kl. 14.00** í Kapellu Dómkirkjunnar í Helsinki. Óskar Óskarsson annast hljóðfæraleik. Nánar auglýst á vegum Íslendingafélagsins í Finnlandi.

Heimasíður

Á eftirfarandi heimasíðum er gagnlegar upplýsingar að finna:

Íslenska sendiráðið í Stokkhólmi- www.island.se

Íslendingafélagið í Gautaborg - www.islendingafelag.com

Útvarp alla sunnudaga kl. 10-12 á FM 103,1

Íslendingafélagið í Stokkhólmi - www.landi.nu

Íslendingafélagið í Málmey - Ímon - www.imon.se

Útvarp Ímon alla laugardaga kl. 12-13 á FM 89,2

Nýja testamenti frá Gídeonfélaginu

Gídeonfélagið gefur öllum 10 ára börnum á Íslandi Nýja testamenti. Gídeonfélagið vill í samvinnu við íslensku kirkjuna í Svíþjóð gefa sem flestum íslenskum börnum í Svíþjóð íslenskt NT.

Unglingum í fermingarundirbúningi hefur undanfarin ár verið afhent NT frá Gídeon og það er

síðan notað í náminu. Kirkjan vill gjarnan hafa

samvinnu um þetta verkefni við Íslendingafélög og íslenskukennara til að ná til sem flestra 10 til 12 ára barna.




Sálgæsla

Mikilvægt hlutverk prestsins er að vera einstaklingum til stuðnings í erfiðleikum. Sálarleg og andleg velferð byggir mjög á því að deila hugðarfennum sínum með öðrum og byrgja ekki inni stríðar tilfinningar. Góð, einlæg samtöl opna oft nýja sýn. Presturinn er bundinn þagnarskyldu og velkomið er að hafa samband.

AA – deild - 12 spora deild

AA-deildir eru samtök til sjálfshjálpar fyrir þá sem eiga við áfengis-/vímuefnavanda að stríða. Reglulegir fundir samtakanna eru mikilvæg stoð í baráttunni fyrir betra lífi, án vímuefna. Í Kalmar er AA-deild með síma sem fólk getur hringt í til að komast í samband við samtökin. Í þeirri deild starfar Íslendingur sem hefur áratuga reynslu í að aðstoða við fólk í vímuefnavanda.


Síminn er 0480-49 10 49 kl. 08.00 til 20.00.



Litið um öxl - fréttahornið

Starfsregur ÍKE

ÍKE eða íslenska kirkjan erlendis hefur 4 presta í þjónustu og starfsmiðstöðvar og safnaðarnefndir í jafn mörgum löndum. Prestarnir eru staðsettir í Gautaborg, Osló,



Kaupmannahöfn og London. Kirkjuþing setti ÍKE starfsreglur 2. nóv. 2005 og þar segir meðal annars: 1 gr.: “Íslenska þjóðkirkjan erlendis er sérstakt viðfangsefni þjóðkirkjunnar og heyrir undir biskup Íslands.” 2 gr.: “Íslenska þjóðkirkjan erlendis sinnir boðun trúar, fræðslu og kærleiksþjónustu meðal Íslendinga á erlendri grund, með helgihaldi, sálgæslu, uppfræðslu í trú og sið.”

Sendiherraskipti

Svavar Gestsson sem verið hefur sendiherra Íslands í Svíþjóð um árabil flutti sig um set til Kaupmannahafnar í október síðastliðnum. Íslenska kirkjan í Svíþjóð þakkar Svavari einstaka velvild og gott samstarf þau ár sem hann starfaði hér. Jafnframt bjóðum við nýjan sendiherra Guðmund Árna Stefánsson velkominn til starfa og væntum áfram góðs af samstarfi við sendiráðið.

Bókmenntakvöld, veiting fálkaorðu

Í tengslum við bókastefnuna í Gautaborg var haldið fjölsótt bókmenntakvöld í V. Frölundakirkju. Rithöfundurinn Sjón las úr bók sinni Skugga-Baldur og svaraði spurningum. Við það tækifæri færði Svavar Gestsson, sendiherra, Kristni Jóhannessyni riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu fyrir hönd forseta Íslands.

Helgistund í Dettifossi

Sú nýbreytni varð í jólahelgihaldi Íslensku kirkjunnar í Svíþjóð að sr. Ágúst Einarsson fór þann 22. desember um borð í Dettifoss í Gautaborgarhöfn og hafði þar jólahelgistund með áhöfn skipsins.

